

Gunnlaugs saga ormstungu

umræða

1. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, hér er nú minnst á mann sem drap tvo þræla þegar hann var orðinn blindur og faldi silfrið sitt sem ekki hefur fundist síðan. Geri aðrir betur. Þetta er Egill Skallagrímsson, afi kvenhetjunnar í Gunnlaugs sögu.

Hér er æskilegt að fara sameiginlega yfir þennan kafla og gera örstutta grein fyrir helstu persónum sem nefndar eru. Enn er ekkert farið að tala um hetjuna sem sagan er kennd við. Hins vegar er rætt um Þorstein á Borg. Síðar kemur í ljós að hann er faðir Helgu hinnar fögru sem aðalhetjan á eftir að verða ástfanginn af.

Frá Mýramönnum er sagt í *Egils sögu*. Rifja mætti upp hvílíkur kappi Egill var. Hann var á barnsaldri þegar hann vó sitt fyrsta víg; og tvisvar barðist hann einn við ellefu manns og hafði sigur. Eitt sinn beit hann mann á barkann og í annað sinn krækti hann auga úr manni. Hann orti dýrleg kvæði og vísur og bjargaði lífi sínu með *Höfuðlausn* í Jórvík. Einnig má segja að hann hafi bjargað lífi sínu með *Sonatorreki*, erfiljóði sem Þorgerður dóttir hann fékk hann til að yrkja eftir syni sína, en áður hafði hann ætlað að svelta sig í hel af sorg eftir þá.

Kjartan Ólafsson (systkinabarn við Þorstein á Borg, systursonur Egils) atti kappi í við sjálfan Ólaf Tryggvason Noregskonung (995–1000). Hann elskaði Guðrúnu Ósvífursdóttur en örlögin bönnuðu þeim að eigast; síðar varð hún völd að dauða hans eins og fram kemur í *Laxdæla sögu*.

Björn Hítðælakappi var einnig frændi Þorsteins á Borg, mikil hetja og skáld, og um hann var skrifuð sérstök saga, *Bjarnar saga Hítðælakappa*.

Á vissan hátt má segja að *Gunnlaugs saga* sér óbeint framhald *Egils sögu* því að hér er sagt frá syni Egils og sonardóttur. (*Laxdæla* væri þá einnig óbeint framhald *Egils sögu* því að þar er sagt frá dóttur Egils, Þorgerði, og Kjartani syni hennar.)

2. kafli

*Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: **Jæja, vissuð þið að lýsingarorðið *allgóð* merkir *mjög góð* og orðið *sæmilegt* merkir eitthvað sem sómi er að, eitthvað *mjög gott*. Og sögnin að *kveðja* getur merkt það sama og *heilsa* og orðið *búinn* getur merkt *tilbúinn*.***

Það er algengt í Íslendingasögum að skip komi um sumar frá Noregi og skipsmenn þurfi síðan að dvelja á landinu yfir veturinn því ekki næst að fara aftur samsumars (slíkt heyrði til undantekninga).

Þorsteinn er fyrirmaður í sveitinni og hann hýsir stýrimanninn (skipstjórann). Jafnframt ræður hann mestu um verðlag á varningi. Höfum í huga að af Þorsteins var sjálfur Skalla-Gímur, landnámsmaður sem nam mestallan Borgarfjörð.

Bergfinnur er „vitur maður“ og „henti gaman að draumum“. Draumur Þorsteins birtir okkur söguna í hnotskurn. Fuglarnir tákna helstu persónur. Og áttirnar, sem ernirnir og valurinn koma úr, eru vísbending um bústað hetjanna. Draumar og fyrirboðar eru algengir í fornsögunum, þeir vekja spennu og eftirvæntingu en segja ekki of mikið: lesandinn vill nú fá öll smáatriðin og getur helst ekki hætt fyrr en sagan er á enda. Segja má að draumur Þorsteins myndi ramma um söguna, styrki byggingu hennar.

Viðbrögð Þorsteins við ráðningu draumsins eru mannleg: það vill enginn heyra vondar fréttir. En deila má um hvort það sé höfðinglegt af Þorsteini að „leggja fæð á“ gest sinn.

3. kafli

*Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: **Jæja, hvað er að segja um merkingu orðsins frændi ef Þorgerður kallar bróður sinn frænda?** (Svar: Orðið hefur haft víðari merkingu í fornu máli en nú tíðkast; það getur merkt það sama og bróðir.)*

Í fyrsta kafla var sagt að Jófríður væri „skörungur mikill“. Í þessum kafla kemur í ljós að svo er. Í öryggisskyni sér hún til þess að smalamaðurinn hverfur úr landi. Hún óttast sennilega reiði Þorsteins og lausmælgis smalamannsins.

Við kristnitöku árið 1000 var lagt bann við útburði barna en þó þannig að bera mátti út börn á laun. Hér sést að jafnvel í heiðnum sið hefur útburður þótt vera vond siðvenja og alls ekki við hæfi ef höfðingjar áttu í hlut. En Þorsteinn var greinilega upptekinn af draumaráðningu Norðmannsins Bergfinns og grípur því til þessa ráðs.

Útburðasögur eru einn flokkur þjóðsagna okkar; þetta eru draugasögur því að börnin ásækja mæðurnar sem báru þau út. Minna má á söguna „*Móðir mín í kví, kví...*“ sem lýsir hugsanlega ofskynjunum og samviskubiti móðurinnar eftir verknaðinn.

Út frá því sem fram kemur í sögunni má álykta að Helga sé fædd um 15 árum fyrir kristnitöku.

Við veitum því eftirtekt að Helga er heima í Hjarðarholti þegar Þorsteinn kemur þangað sex árum eftir „útburðinn“; samt var sagt að henni hefði verið komið fyrir á Leysingjastöðum.

Orð Þorsteins, „veltur þangað sem vera vill um flesta hluti“ sýna að nú hefur hann gert sér grein fyrir að hann getur engu ráðið um rás viðburða; það eru örlögin sem stjórna lífi okkar. Hann talar um það sem „vanhyggju“ að hafa ætlað að taka sjálfur í taum örlaganna. Einnig mætti halda því fram að það hafi angrað hann, auðugan höfðingjann, að gera það sem jafnvel fátæklingar skömmuðust sín fyrir (láta bera út barn).

Velta má fyrir sér uppeldishugmyndum manna á söguöld: hvað ætli barninu hafi þótt um að vera tekið skyndilega í burtu og flutt til bláókunnugs fólks (þótt að vísu væri um foreldra þess að ræða!)?

4. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, í þessum kafla er greint frá tólf ára lögfræðinema og efnilegum skákmanni.

Fyrst nú er Gunnlaugur kynntur til sögunnar. Í ljós kemur að langafi hans ber sama nafn: Gunnlaugur ormstunga. Viðurnefni langafans hefur væntanlega haft áhrif á nafngift Gunnlaugs yngri.

Hér er lýst uppreisnargjörnum unglingi (eða barni). Gaman væri að vekja umræðu um þessa „týpu“. Þekkjum við svona stráka í nútímanum? Hvað gera þeir til að fá útrás?

Sagan Gunnlaugs og Helgu er líklega okkar elsta unglungaástarsaga. Við eigum að vísu þýðingu á gamalli riddarasögu, *Flóres sögu og Blankiflúr*, þar sem brennheitri ást ungmenna er lýst (sjá skólaútgáfuna *Með kurt og pí*). Taflmennska þeirra Gunnlaugs og Helgu minnir einmitt á riddarasögur (t.d. *Flóres sögu og Blankiflúr*) enda er oft talað um að Gunnlaugs saga sé undir áhrifum franskra riddarasagna sem farið var að þýða á Norðurlöndum fyrir miðja 13. öld. (*Tristrams saga* var þýdd á norrænu árið 1226 og er hún talin fyrsta riddarasagan; þýðingin á *Flóres sögu og Blankiflúr* mun einnig vera eldri en Gunnlaugs saga, enda áhrif þaðan nokkuð augljós.)

Í mörgum sögum kemur fram spenna milli föður og sonar. Þar nægir að benda á *Egils sögu* og *Grettis sögu*.

Í kaflanum kemur í ljós að Gunnlaugur menntast í lögum hjá Þorsteini á Borg. Frásögnin af laganáminu tengist á húmorfullan hátt brennheitri ást Gunnlaugs á Helgu, sbr. „bónorðið“.

Þorsteinn er skilningsríkur uppaldandi.

Ef hugsað er til draumsins og afstöðuna milli Gilsbakka og Borgar má segja að Gunnlaugur komi „ofan frá fjöllum“ eins og fyrri örninn í draumnum. „Örninn flýgur fugla hæst,“ segir í vísunni og við höfum í huga að Illugi, faðir Gunnlaugs, er talinn „annar mestur höfðingi í Borgarfirði“. Við tökum eftir að Gunnlaugur er svarteygur eins og örninn í draumnum.

5. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, í þessum kafla er lýst ungum manni sem virðist vera nokkurn veginn fullkominn. En vandinn við slíka menn er sá að það getur verið erfitt að gera þá að spennandi söguefni. Þeir sem verða að söguefni eru oft dálítið afbrigðilegir!

Efnismikill kafli. Í upphafi er Hrafn á Mosfelli kynntur (hann býr í suðurátt miðað við Borg, sbr. seinni örninn í draumnum). Gaman er að velta fyrir sér lýsingunni á Hrafn og bera saman við Gunnlaug. Hrafn virðist óaðfinnanlegur. En það er eins og það vanti í hann þennan mikla lífskraft sem Gunnlaugur hefur. Hann er „yfirbragðslítill“ eins og Gunnlaugur segir um Hrafn síðar (sjá kafla 9).

Tilgangurinn með því að nefna Þorfinn Sel-Þórisson á Rauðamel kemur í ljós í næsta kafla þegar þeir Þorsteinn á Borg og Gunnlaugur metast um það hver sé mestur höfðinginn á svæðinu.

Hér kristnitakan (árið 1000) nefnd sem þau tíðind er best hafa orðið hér á landi; á hana er minnst þar sem rætt er um unglingsár þeirra Helgu og Gunnlaugs. Við getum því leyft okkur að telja þau fædd kringum 985.

Frásögninni af ferð Gunnlaugs norður í Húnavatnsþing er ætlað að sýna skaplyndi Gunnlaugs og skáldgáfu. Hann tekur vissa áhættu með hegðun sinni og kemst upp með þetta.

Nú er Gunnlaugur átján ára (mjög algengt að nefna bæði tólf og átján ára aldur söguhetja fornsagna). Sambandið milli feðganna hefur batnað enda hlýtur Gunnlaugur að hafa þroskast í „skóla“ Þorsteins á Borg.

Segja má með sanni að Gunnlaugur sé djarfur í tali við Þorstein á Borg. Hann hafnar góðum gjöfum (slíkt verður að teljast ókurteisi) og ögrar Þorsteini með því að tala um að hann sé minni maður en Illugi. Þorsteinn tekur þessu eins og þroskaður maður.

Í kaflanum er hvað eftir annað talað um að Gunnlaugur sé „óráðinn“ (þetta segja bæði Þorsteinn og Illugi). Þetta orð lýsir Gunnlaugi; það er eins og hann viti varla hvað hann vill. Eitt er þó ljóst: hann elskar Helgu. En hann vill líka fara brott. Hann veit að það er liður í að menntast og veða að manni („skapa sig eftir góðra manna siðum“).

Illugi er nokkuð ákafur þegar hann hótar Þorsteini vinslitum. En vinirnir tveir komast samt að góðu samkomulagi. Þetta eru skynsamir menn. Þorsteinn setur fyrirvara um Gunnlaugur hafi tamið skaplyndi sitt við heimkonuna. Það er semsagt ekki bara þriggja ára „heitkonu“-samningur gerður, heldur gerir Þorsteinn einnig kröfu um „skapferði“ Gunnlaugs.

Höfum í huga að sá bær sem nú heitir Þrándheimur kallaðist Niðarós á fyrri tíð. Þar urðu mörg stórtíðindi sem tengjast sögu Íslands, m.a. sat þar erkibiskup Íslendinga um langa hríð.

6. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, með litlum breytingum mætti gera þennan kafla að sögu um unglings sem er rekinn úr skóla eftir fyrstu kennslustundina. En fleiri eru í sök en hann, t.d. strákurinn (hirðmaðurinn) sem lagði nýja nemandann í einelti; og einnig kennarinn sem talaði ónærgætislega við nýja nemandann.

Það er kunnuglegt í fornum sögum að Íslendingur haldi utan og vitji þjóðhöfðingja, konungs eða jarls. Einnig er algengt að þar sé fyrir Íslendingur við hirðina sem liðsinnir þeim sem nýkominn er. Hér vill Skúli greiða götu Gunnlaugs, sem greinilega kann sig ekki. Skúli bjargar síðan lífi Gunnlaugs.

Í *Íslendingabáttum*, stuttum frásögnum af Íslendingum, er mynstrið einmitt mjög oft eitthvað á þessa leið: upp kemur spenna milli konungs (eða jarls) og Íslendinga. Síðan verður eitthvað til að slaka á spennunni, og sættir nást. Í þessari sögu nást sættir síðar! Oft leysir Íslendingurinn höfuð sitt með lofkvæði um konunginn (*höfuðlausn*).

Líta má á frásögnina í þessum kafla sem skóla sem Gunnlaugur þarf að ganga í gegnum. Hann rekur sig á og sleppur með skrekkinn og lærir af þessu, sbr. það að hann kann betur að hegða sér við þær konunga- og jarlahirðir sem hann á eftir að sækja heim (þó stundum sé hann nokkuð glannalegur). Í kaflanum kemur vel fram hvað Gunnlaugur er snöggur upp á lagið, skjóttur til svara en jafnframt ónærgætinn. Allt þetta eru einkenni sem fylgja honum áfram. Tala mætti um listamannseðli!

Það hlýtur að teljast dauðasynd að móðga þjóðhöfðingja á þann hátt sem Gunnlaugur gerir þegar hann vísar til háðuglegs dauðdaga föður jarlsins (Hákon var drepinn af þræli sínum í svínastíu). En höfum í huga að jarlinn er afar ónærgætinn við hinn unga mann þegar hann spáir honum skammlífi. Nota má þetta atriði í umræðu um framkomu, t.d. við ungt og óharðnað fólk.

7. kafli

*Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: **Jæja, það var ekkert Séð og heyrt á þessum tíma og engin Facebook. Hvernig var þá hægt að breiða út frægðarsögur af kóngafólkinu?** (Svar: Með því að láta skáldin yrkja lofkvæði!)*

Fullyrða má að skáldskapur hafi verið mikilvæg „útflutningsvara“ á söguöld. Skáldin virðast hafa keppt um að komast að hirð konunga og yrkja um þá lof og þiggja gjafir fyrir. Við gætum líkt þessu við námsmenn sem fara utan að sækja sér menntun og námsgráður – eða íþróttamenn sem sækja frægð og frama til útlanda.

En konungarnir hagnast líka því að kveðskapurinn ber hróður þeirra um löndin.

Í lok kaflans kemur fram að Gunnlaugur hefur beinlínis sett sér það markmið að yrkja um marga þjóðhöfðingja nágrannalanda.

Afrok Gunnlaugs í þessum kafla (fyrir utan lofkvæðið um konunginn) er auðvitað berserksdrápið. Hann hreinsar samfélagið af þrjóti sem angrað hefur menn. Slíkt er einmitt hlutverk sannrar hetju. Gaman er að því hvernig Gunnlaugur kemur sér í vandræði með góðmennsku sinni (hann lánar ókunnugum manni fé) en sættir sig ekki við skaðann og skorar berserkinn á hólm.

Eins og í ævintýrum er hér bjargvættur, þ.e. konungurinn, sem veit hvernig á að verjast óvininum sem deyfir vopn andstæðingsins.

Gunnlaugi eru nú allir vegir færir. Hann hefur sannað sig í útlöndum. Einn vetur er liðinn frá brottför af Íslandi. Það er enn tími; Helga bíður í tvo vetur enn!

8. kafli

*Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: **Jæja, strákurinn sem var rekinn úr skóla fær að koma aftur.***

Í kaflanum er ort *drápa* um konung, en um jarlana tvo eru ortir *flokkar*. Það er þarna greinilega virðingarmunur á flokki og drápu. Hér má segja að senan (í 9. kafla) við hirð Svíakonungs sé undirbúin, þar sem Gunnlaugur niðurlægir Hrafn með því að minnst á að hann hefði „aðeins“ ort flokk um konunginn.

Bragarhátturinn á drápunni til Sigtryggs silkiskeggs er *runhendur* (með endarími) í anda Egils sem orti runhent lof um Eirík blóðöx í Jórvík (*Höfuðlausn*).

Gunnlaugur fer nú land úr landi. Ekki er laust við að svona lýsing beri vott um ákveðið eirðarleysi skáldsins. Hann tollir ekki lengi á sama stað.

Í Gautlandi hinu vestara fær Gunnlaugur tækifæri til að milda reiði Eiríks jarls með því að hrósa honum í vísu. Þetta sýnir okkur hve máttur skáldskapar getur verið mikill: vísan berst konungi til eyrna. Þetta eykur mjög ferðamöguleika Gunnlaugs. En nú er annar veturinn rétt liðinn, og enn er Gunnlaugur á austurleið!

9. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, þennan kafla má endursegja með einni setningu: „Pabbi minn er miklu sterkari en pabbi þinn.“ Svona fullyrðingar geta því miður dregið dilk á eftir sér.

Í 6. kafla spyr Eiríkur jarl Íslending við hirðina sömu spurningar um söguhetjuna og Svíakonungur gerir í þessum kafla „Hvað manna...“ Tala mætti um stef; þau styrkja byggingu sögunnar.

Hér mætti ræða um það hver eigi meiri sök á ósættinu, Hrafn eða Gunnlaugur. Hrafn tekur Gunnlaugi vel en síðar vill hann troða sér fram fyrir hann. Konungur dregur taum Gunnlaugs, þ.e. þegar hann leyfir honum að vera á undan, en gerir það þó þannig að Hrafn mætti vel við una (af því að konungur talar um öra skapgerð Gunnlaugs). Hrafn talar fremur niðrandi um kvæði Gunnlaugs og það hleypir illu blóði í þann síðarnefnda; hann móðgar Hrafn greinilega mjög þegar hann minnst á flokkinn. Og Hrafn hótar öllu illu.

Hér þyrfti að rýna í persónurnar tvær, Gunnlaug og Hrafn. Annar er örgeðja, dálítið barnslegur og tekst ekki alltaf að stilla sig; hann gengur of langt í ófyrirleitni sinni; hefur ekki tekið út fullan þroska (enda aðeins 20 ára gamall). Hann vanvirðir Hrafn með orðum sínum.

Hrafn er sléttur og felldur, fallegur og gæddur skáldgáfu. En einhvern veginn virðist hann ekkert sérlega spennandi persóna. Gunnlaugur er villtari og frumlegri, meiri listamaður!

Gunnlaugi verður eins og áður tíðrætt um föður sinn sem hann telur meiri en aðra menn á Íslandi. Mætti tala um minnimáttarkennd gagnvart föður („pabbakomplex“)? Segja má að ættarhroki feli stundum í sér minnimáttarkennd viðkomandi.

Hrafn liggur mikið á og kemur til Þorsteins á alþingi strax að loknum vetrinum þremur (hefur þá verið einn vetur heima). Hann ætlar sér að vanvirða Gunnlaug. En Þorsteinn á Borg er Gunnlaugi trúur. Þegar síðan liðnir eru fjórir vetur sjá bæði hann og Illugi að erfitt muni reynast að koma Gunnlaugi til varna. Illugi viðurkennir að hann getur ekki krefsist neins lengur fyrir hönd sonar síns. Þorsteinn heldur þó öllu opnu í lengstu lög. En Gunnlaugur kemur ekki!

Ræða má um heiftarhug Hrafn. Hann veit augljóslega að Helga er heitbundin Gunnlaugi (Skafti lögsögumaður, frændi Hrafn, veit það líka). Ef Hrafn hefði verið vinur Gunnlaugs hefði hann varla beðið um hönd Helgu.

Einnig má ræða um hug Helgu. Hún virðist engu fá að ráða.

10. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, krakkar mínir. Þórður bóndason á Melrakkaslétu er forspár, hann talar máli örlaganna þegar hann setur fall Gunnlaugs í glímunni í samband við ófarir hans í Helgu-málinu.

Nú leiðir sögumaður okkur tvö ár til baka í tíma. Í upphafi kafla greinir frá Gunnlaugi á þeim tíma sem Hrafn kemur til Íslands (Hrafn biður svo Helgu í fyrra skiptið vorið eftir og fær neitun). Gunnlaugur ákveður að vera með Englandskonungi um veturinn (þriðji veturinn erlendis!). Hann hefur því enn tíma! En þegar Gunnlaugur ætlar brott um vorið kemur babb í bátinn. Aðalráður vill ekki sleppa honum vegna yfirvofandi árásar á England. Og fjórði veturinn líður. Og enn er von á her þannig að Gunnlaugur kemst ekki af stað strax vorið eftir. Hann kemst ekki frá Englandi til Noregs fyrr en liðið er á sumarið.

Við skynjum óróleika Gunnlaugs. Hann vill komast brott frá Englandi en verður við beiðni konungs. Hann kemst á síðasta skipi frá Noregi til Íslands. Sögur af bónorði Hrafns hafa þá þegar borist til Noregs (sennilega er átt við fyrra bónorðið sem átti sér stað á Þingvöllum árið áður; þetta má rökstyðja með því að Gunnlaugi virðist koma það á óvart þegar Þórður bóndason á Melrakkaslétu talar um fyrirhugað brúðkaup að veturnóttum).

Hallfreður vandræðaskáld segir sögu af Hrafn sem ætlað er að bregða upp neikvæðri mynd af honum. Þannig skerpast línur: Gunnlaugur á augljóslega samúð lesandans.

Skemmtileg er sagan af glímunni við Þórð. Þar takast á heiðnin og kristnin og úrslitin eru ekki afgerandi. Enn fær Gunnlaugur fótarmein (sem tengja má við fótarmeinið við hirð Eiríks jarls, e.k. stef í textanum) sem hefur mikil áhrif á framvindu sögunnar. (Vel má halda því fram að fótarmeinið hafi tafið för Gunnlaugs; að hann hefði náð til Borgar fyrir brúðkaup hefði hann verið heill; þá mætti tala um Þór þrumugoð, Ása-Þór, sem mikinn örlagavald í sögunni.)

Spennan vex, en í lok kafla sést að leikurinn er tapaður. Örlögin hafa sinn gang.

11. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, fötin skapa manninn, ekki satt? Eru ekki allir í stuði?

Í upphafi kafans er minnst á bónorð: Svertingur biður dóttur Jófríðar af fyrra hjónabandi, Húngerðar, sem nefnd er í 2. kafla. Brúðkaupið á að fara fram í Skáney um veturinn, og er því lýst nánar síðar í kaflanum. Þannig þjónar þetta brúðkaup því hlutverki að vera vettvangur þar sem hinir eiginlegu elskendur (Helga og Gunnlaugur) geta hist. Kaldhæðnislegt að *einhvegir aðrir* fái að eigast!

Enn kemur *draumur* við sögu, blóðugur eins og draumur Þorsteins á Borg við upphaf sögu. Sem fyrr er þessum fyrirboða ætlað að vekja spennu: Við vitum að blóð mun renna, en við vitum ekki nákvæmlega hvernig þetta mun gerast.

Draumur Hrafns er nóturlegur og lýsir líðan hans vegna ástleysis Helgu. Í draumnum er Hrafn myrtur í rúminu við hlið konu sinnar, líkt og gerist í raunheimi *Gísla sögu* (þegar Gísli drepur Þorgrím við hlið Þórdísar); svipað gerist þegar Sigurður Fáfnisbani er veginn við hlið Guðrúnar konu sinnar.

Helga ræður drauminn á þann hátt að Gunnlaugur sé kominn; þar með fullyrðir hún að Hrafn hafi svikið sig. Hann hefur þá greinilega sagt henni ósatt um hug Gunnlaugs til hennar.

Við skynjum spennuna í veislunni í Skáney. Þar var „lítil gleði“. Allir hafa verið á nálum.

Athyglisvert er að Gunnlaugur heldur því fram í vísu sínum að Þorsteinn hafi gift Helgu til fjár. Þetta kemur ekki fram í sögunni sjálfri. Einnig er athyglisvert að Gunnlaugur bölvvar foreldrum Helgu fyrir að hafa getið hana! Algengt er í fornum sögum að menn bölvi fæðingardegi sínum. Þetta er e.k. tilbrigði við það stef.

Gunnlaugur ögrar Hrafni í brúðkaupinu í Skáney þegar hann ríður að Hrafni sem þarf að hopa. Hann hótar Hrafni því að „ógn“ steðji að; þar með er vísað fram á veginn til hólmgöngunnar sem svo fer fram vorið eftir.

Í vísu sinni segir Hrafn að margar konur séu fyrir sunnan haf eins og Gunnlaugur viti. Er hann að gefa í skyn að Gunnlaugur hafi verið upp á kvenhöndina á ferðum sínum? Ætli Hrafn hafi sagt Helgu eitthvað í þá veru?

Við fylgjumst með skikkjunni Aðalráðsnaut sem í þessum kafla verður eign Helgu. Þetta er táknrænt. Gunnlaugur sýnir hér að hann hefur þegið gjafir af konungum. Og nú er eins og hann lyfti Helgu upp á konunglegt stig!

Skemmtilegt er að hugsa til þess að hólmgangan hefst á skáldskap: báðir keppendur yrkja vísur; menningarhátíð í aðdraganda blóðugra átaka.

Hólmgangan verður endaslepp. Gunnlaugur skeinist en Hrafn verður vopnlaus. Menn skilja þá að og Gunnlaugi líkar stórilla enda má segja að hann hafi haft líf Hrafns í hendi sér.

Hér eru atvik sögunnar tengd við löggjöf á alþingi: hólmgöngur eru lagðar af. Þær hafa ekki þótt sæmandi í hinu nýkristna samfélagi. Í lögréttu er m.ö.o. reynt með lögum að koma í veg fyrir blóðsúthellingar. Sannast sagna gekk það ekki vel eins og fjölmörg atvik úr Íslendingasögum votta (sbr. t.d. hefndaraðgerðir í lok þessarar sögu; eða Njálsbrennu sem varð skömmu eftir þetta og lýst er í *Njálu*).

Hrafn sýnir stórhug þegar hann fer að Gunnlaugi og býður honum til einvígis erlendis. Segja má reyndar að hann hafi ekki átt annarra kosta vöð. Helga var orðin honum fráhverf.

Gaman gæti verið að láta nemendur ræða um stöðu mála út frá sjónarmiði tiltekinna persóna. Hvað finnst t.d. ættingjum (t.d. mæðrum) mannanna tveggja um þessi dapurlegu mál?

Tveir málshættir leynast í kaflanum sem báðir tengjast ástinni:

Lengi man það er ungur getur.

Eigi leyna augu ef ann kona manni.

12. kafli

Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: Jæja, krakkar mínir. Það er bara helgið að okkur í útlöndum. Þessi kafli sannar okkur það.

Enn sem fyrr er Gunnlaugur „síðbúinn“. Þetta fylgir honum. Nú, líkt og fyrr, er eins og allt annað en viðskiptin við Hrafn sé látið hafa forgang. (Dvölin hjá Sigurði jarli í Orkneyjum minnir á dvölinna og tafirnar hjá Aðalráði konungi á Englandi.)

Eins og í kaflanum um bólgna fótinn í 6. kafla kemur hér fram að Norðmenn gera grín að Íslendingum. Hér tala Norðmenn um seinlæti Íslendinga. Gera útlendingar enn grín að Íslendingum?

Tveir vetur líða áður en til bardagans kemur. Bann jarls við að þeir berðust hefur hugsanlega haft áhrif til seinkunar. En einnig seinlæti Gunnlaugs (og jafnvel Hrafns). En eftir spott hirðmannanna lætur Gunnlaugur til skarar skríða. Ekki má falla skuggi á orðstírinn.

Merkilegt er ferðalag Hrafns austur á bóginn. Verðum við ekki að álykta að Gunnlaugur og hann hafi verið búnir að semja um að fara austur fyrir landamæri Noregs til að geta barist þar? (Og að Hrafn hafi einungis verið degi á undan Gunnlaugi á þeirri ferð.)

Höfum í huga að Gunnlaugur og menn hans eru ósofnir þegar þeir heyja bardagann. Þetta skerpir hetjuljómann kringum Gunnlaug.

Svo gæti virst sem þrjár berjist við tvo þótt Hrafn hafi boðið upp á að þeir væru „jafnmargir hvorir“. Grunsamleg er síðan setningin „og allir féllu förunautar þeirra að lyktum“. Við vitum að „leiðtogar“ Gunnlaugs (þeir voru tveir) sitja hjá; við vitum líka að Hrafn og félagar voru fimm saman. Sennilegt verður að telja að fimm hafi verið í hvoru liði, m.ö.o. „jafnmargir hvorir“ eins og Hrafn hafði boðið upp á. En hafa ber í huga að í vísu Þórðar Kolbeinssonar í kaflanum segir að Gunnlaugur hafi drepð þrjá, þ.e. Ólaf, Grím og Hrafn.

Eins og fram kemur í sögunni er mikilvægt að vitni séu að bardaganum, þ.e. að einhverjir lifi af svo hægt sé að segja frá málsatvikum.

Nú þyrfti að ræða svik Hrafns við Gunnlaug. Til greina kæmi að skipta hópnum í tvær fylkingar; önnur rökstyður og ver gerðir Hrafns; hin ræðir framkomu Gunnlaugs sem tekur af sér hjálminn og færir Hrafn vatn (drengilegt en óviturlegt?).

Gunnlaugur fær þjónustu af presti og er jarðsettur „að kirkju“. Annars er lítið um trúarlegar athugasemdir í sögunni; í vísu fyrir hólmgönguna á Þingvöllum ákallar Gunnlaugur reyndar guð og biður hann að gefa sér sigur. Og Þórður á Melrakkaslétu, andstæðingur Gunnlaugs, leitar á náðir Ása-Þórs. Augljóst er því að Gunnlaugur er í flokki hinna kristnu.

Hér er vissulega orðin mikil harmsaga. Tveir stórættaðir og efnilegir menn (báðir eru skáld) falla í valinn vegna konu sem þeir elska.

13. kafli

*Tillaga að stuttri fullyrðingu í upphafi umræðu, til að vekja áhuga: **Jæja, krakkar mínir. Hvernig haldið þið að það sé að vera giftur konu sem alltaf er að handfjatla eitthvað sem gamall kærasti gaf henni?***

Hér er greint frá því hvernig draumar feðranna gefa vísbendingu um afdrif sonanna (áður en fréttir af dauða þeirra berast til Íslands): synirnir kveða til feðranna vísu í draumi.

Svo er lýst hefndum eftir Gunnlaug; bæði Illugi og Hermundur hefna hans, hvor á sinn hátt. Fórnarlömbin eru alsaklaus – en skyld Hrafni! Ræða má sanngirnina í þessu. Ekki kemur til gagnhefnda af hálfu Önundar; einhvers staðar verður blóðbaðinu að linna.

Lokaorðin greina síðan frá láti Helgu. Fræðimenn hafa bent á að tilfinningasemin sem hér birtist tengist riddarasagnaáhrifum á söguritara (þar sem Helga handleikur gjöfina frá Gunnlaugi); fleiri atriði tengd riddarasögum má finna í sögunni eins og fram hefur komið, sbr. t.d. það sem sagt var um *Flóres sögu og Blankiflúr*).

Fram kemur að Þorkell maður Helgu er skáld gott. Ást hans á Helgu er ekki endurgoldin. Og ekki er að sjá að Helga finni traust í trúnni eins og sumar kvenhetjur fornsagna (sbr. t.d. Guðrúnu Ósvífursdóttur í Laxdælu). Hún er þó „til kirkju færð“. Þannig er kristilegur tónn sleginn í lokin.